

## 6. gr.

Sjóðinn skal varðveita, eftir því sem unnt er, í visitöluþryggðum verðbréfum með ríkisábyrgð eða á annan jafntryggan hátt.

Reikning skal árlega birta í Stjórnartíðindum.

## 7. gr.

Upphaflegt stofnfé, sbr. 3. gr., vísitölubætur og annað hliðstætt álag á stofnfé sbr. 6. gr. má ekki skerða næstu 46 ár frá 28. ágúst 1971 að telja. Vöxtum sjóðsins eins og hann er á hverjum tíma, má hins vegar verja í samræmi við tilgang þann, sem lýst er í 4. gr., annað hvort árlega eða með nokkurra ára millibili, allt eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

Gjafir og aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast, skulu lagðar við höfuðstól og lúta ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar, nema gefandi mæli öðruvísi fyrir, ef um gjafafé er að ræða, eða sjóðsstjórn ákveði annað fyrirfram, ef um annars konar tekjur er að ræða.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar Forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

18. ágúst 1972.

Nr. 231.

## AUGLÝSING

## um skipulag í Hofshreppi í A-Skaftafellssýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Hofshrepps að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1972.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Jón S. Ólafsson.*

22. ágúst 1972.

Nr. 232.

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1972.

Með skirskotun til laga nr. 72/28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest grundvallarverð á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1972.

15/20.

I. og II. gæðaflokkur, óskiptir .....	kr. 66.60
I. gæðaflokkur .....	— 67.80
II. gæðaflokkur .....	— 65.40

**21/25.**

I. og II. gæðaflokkur, óskiptir .....	kr. 63.80
I. gæðaflokkur .....	— 65.00
II. gæðaflokkur .....	— 62.50

**26/30.**

I. og II. gæðaflokkur, óskiptir .....	kr. 60.90
I. gæðaflokkur .....	— 62.10
II. gæðaflokkur .....	— 59.70

**31/35.**

I. og II. gæðaflokkur, óskiptir .....	kr. 58.10
I. gæðaflokkur .....	— 59.30
II. gæðaflokkur .....	— 56.90

**36/40.**

I. og II. gæðaflokkur, óskiptir .....	kr. 55.20
I. gæðaflokkur .....	— 56.40
II. gæðaflokkur .....	— 54.00

Verð þessi eru cif.-verð. Verðbil verði 2.5% miðað við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

*Sjávarútvegssráðuneytið, 22. ágúst 1972.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Gylfi Þórðarson.*

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Danielsdóttur frá Búð, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 24. ágúst 1972.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Danielsdóttur frá Búð.**

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðrúnar Danielsdóttur frá Búð og er stofnaður af Hafliða Guðmundssyni.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 330 000.00 — þrjú hundruð og þrjátíu þúsund krónur —. Sjóðinn skal ávaxta í útibúi Búnaðarbanka Íslands á Hellu.

Engu má úthluta úr sjóðnum fyrr en hann er orðinn kr. 500 000.00, en eftir það skal úthluta hálfum vöxtum, en hálfir vextir leggist við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn kr. 1 000 000.00. Eftir það skal úthluta  $\frac{3}{4}$  vaxta, þar til sjóðurinn er kr. 1 200 000.00, þá má úthluta öllum vöxtum.